



Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 18. desember 2015

Efni: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Með vísan til bréfs Mannvirkjastofnunar (MVS) til bæjarstjórnar dags. 14. desember sl., þar sem bent er á að gildistími brunavarnaáætlunar sveitarfélagsins er útrunninn, vill undirritaður árétta að það er á ábyrgð slökkviliðsstjóra að vinna brunavarnaáætlun fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og er sú vinna langt komin.

Í 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 kemur fram að á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar (MVS) og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í 16. gr. sömu laga sem fjallar um skyldur slökkviliðsstjóra kemur fram að slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Vinnsla brunavarnaáætlunar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) fyrir árin 2016 – 2020 er í fullum gangi í samvinnu við starfsmenn MVS og allt útlit fyrir að henni verði lokið á tilsettum tíma, en frestur til þess að skila endurskoðaðri áætlun rennur út um miðjan mars n.k. samkvæmt fyrrnefndu bréfi MVS.

Brunavarnaáætlunin er í raun stefnumótun fyrir SHS til fimm ára í senn. Áætlunin verður lögð fyrir stjórn SHS og eftir afgreiðslu stjórnar þarf hún að samþykkjast af þeim sveitarstjórnunum sem standa að SHS. Stjórn SHS ákvað á fundi sínum í morgun að fyrstu drög áætlunarinnar verði lögð fyrir stjórnina á fundi hennar í febrúar.

Vinsamlegast hafið samband við mig í síma 894-5421 eða á netfangið jonvidar@shs.is ef spurningar vakna varðandi málið.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson

slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.